

Mars 2026



Aðgerðaáætlun

Stafræn verkefni og gagnamál í
félagsþjónustu

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið og
Samband Íslenskra sveitarfélaga

Útgefandi:

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

Aðgerðaáætlun – Stafræn verkefni og gagnamál í félagsþjónustu

Mars 2026

frn@frn.is

www.frn.is

Umbrot og textavinnsla:

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

©2026 Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

ISBN 978-9935-513-41-0

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Aðgerðir 2026	7
26-1 Sérfræðihópur um samræmda grunnskráningu.....	7
26-2 Heildstæð stafræn innleiðing í stuðningsþjónustu	7
26-3 Heilstætt mat á stuðningsþörf.....	10
26-4 Nauðsynlegar lagabreytingar, greining og undirbúningur	10
26-5 WHODAS2 matstæki og gagnagrunnur.....	10
26-6 Miðlægt aðgengi að gögnum fyrir tölfraði	11
26-7 Allar nauðsynlega upplýsingar um lögbundna félagsþjónustu á island.is.....	11
Aðgerðir 2027.....	12
27-1 Sameiginlegt stjórnborð samþættrar heimaþjónustu	12
27-2 Markviss notkun velferðartækni í félagsþjónustu	12
Heildstæð stafræn innleiðing	12
27-3 Stoðþjónusta.....	12
27-4 Félagsleg ráðgjöf.....	12
27-7 Fjárhagsaðstoð	12
27-5 NPA	12
27-6 Búseta fatlaðs fólks.....	12
27-8 Snemmtækur stuðningur, íhlutun og greining.....	12
27-9 Stuðningsfjölskyldur	12
27-10 Frístundaþjónusta.....	12
27-11 Skammtímadvöl	12
27-12 Málstjóri, stuðningsteymi og stuðningsáætlun.....	12
Aðgerðir 2028	13

28-1 Sumardvöl.....	13
28-2 Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.....	13
28-3 Notendasamningar (38/2018).....	13
28-4 Einstaklingsbundin áætlun og teymi.....	13
28-5 Styrkir (38/2018 gr. 25).....	13
28-6 Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta.....	13
28-7 Samþætting þjónustu og vinnumarkaðsaðgerðir (38 /2008 gr.23).....	13
28-8 Notendasamningar (40/1991).....	13

Inngangur

Á grundvelli samkomulags félags- og húsnæðismálaráðuneytis (FRN) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (hér eftir nefnt Sambandið) um öflun og nýtingu gagna og stafræna þróun hins opinbera í velferðarþjónustu, frá nóvember 2025, var skipaður stýrihópur sem er ætlað að móta sameiginlega framtíðarsýn um stafræn verkefni og gagnamál í félagsþjónustu til ársins 2028. FRN og Sambandið tilnefndu hvort um sig tvo fulltrúa í stýrihópinn auk þess sem FRN lagði hópnum til starfsmann.

Stýrihópurinn skipa

- Hákon Sigurhansson, formaður hópsins
- Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, skrifstofustjóri í FRN
- Óskar Jörgen Sandholt, sviðstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar
- Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá FRN er starfsmaður hópsins

Markmið sameiginlegrar framtíðarsýnar er að allir lykilaðilar sem starfa að félagsþjónustu verði sammála um grunnskipulag, gögn, gagnasöfn, tengingar og hagnýtingu gagna með það að markmiði að tryggja samfellda þjónustu þvert á stjórnsýslustig, skynsamlega nýtingu fjármagns í málaflokknum og tengingu stefnumótunar og fjárfestinga í aðgerðum í þágu notenda með traustum og mælanlegum markmiðum, þvert á kerfi.

Með félagsþjónustu er átt við þjónustu sem er lögbundin og kveðið á um í lögum

- Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra
- Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Aðgerðaáætlun þessi felur í sér aðgerðir sem að mati stýrihóps eru nauðsynlegar til þess að ná markmiðum framtíðarsýnarinnar. Aðgerðaáætlunin skiptist niður á þrjú ár; 2026 til 2028, en lagt er upp með að öllum meginmarkmiðum framtíðarsýnarinnar verði náð við lok áætlunarinnar.

Aðgerðir sem eru á fyrsta árinu, 2026, innihalda nákvæma lýsingu og útfærslu á þeim verkefnum sem undir aðgerðina falla ásamt upplýsingum um ábyrgðaraðila, fjármögnun og tímaramma.

Aðgerðir fyrir seinni árin tvö eru ekki eins nákvæmlega skilgreindar og lýsa ekki nánar fyrirhuguðum verkefnum.

Aðgerðaáætlunin verður uppfærð í lok hvers árs með nánari upplýsingum um aðgerðir næsta árs og þau verkefni sem heyra þar undir. Þannig er aðgerðaáætlunin lifandi plagg, sem tekur breytingum samhliða framvindu verkefnisins.

Í framtíðarsýninni er meðal annars gert ráð fyrir að ná fram eftirfarandi fyrir alla lögbundna félagsþjónustu:

- Samræmdri grunnskráningu um þjónustuna
- Aðgengi að upplýsingum um réttindi, grunnþjónustu og aðrar mikilvægar upplýsingar verði á einum stað, island.is
- Sameiginleg umsókn á island.is og samræmt umsóknarferli og mat óháð búsetu
- Aðgengi að gögnum þannig að hægt sé að tryggja yfirsýn og tölfræði fyrir sveitarfélögin, FRN, Hagstofuna og aðra þá sem þurfa gögnin til að sinna lögbundnum verkefnum.

Þetta er það sem í þessari áætlun er kallað „heildstæð stafræn innleiðing“ fyrir lögbundna þjónustu og þýðir að öllum helstu markmiðum framtíðarsýnarinnar hefur verið náð fyrir þessa tilteknu þjónustu. Þar sem lögbundin þjónusta er margvísleg og verkefnið stórt er aðgerðunum skipt niður á árin þrjú eftir þjónustu eins og hún birtist í lögunum.

Stýrihópurinn leggur hér með fram aðgerðaáætlun til ákvörðunar af hálfu samstarfsaðilanna, FRN og Sambandsins.

Vakin er athygli á því að ráðgerð fjármögnun verkefna skv. einstökum aðgerðum er háð fyrirvara um að nauðsynlegar greiðsluheimildir verði veittar. Þessi fyrirvari er auðkenndur sérstaklega með * þar sem við á.

Aðgerðir 2026

26-1 Sérfræðihópur um samræmda grunnskráningu

Verkefni 26-1-1

Skipaður verði sérfræðihópur um samræmda grunnskráningu í félagsþjónustu. Sérfræðihópurinn er ábyrgur fyrir því að skilgreina og gefa út leiðbeiningar um samræmda grunnskráningu fyrir lögbundna félagsþjónustu.

Það er ekki krafa um samræmda skráningu í lögum um félagsþjónustu, en það er mikilvægt að svo verði. FRN og Sambandið eru sammála um að sérfræðihópurinn gefi út leiðbeiningar um samræmda grunnskráningu í félagsþjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að fylgja. Verði lögum breytt á þann veg að sveitarfélögum verði skylt að sinna samræmdri grunnskráningu, þá er gert ráð fyrir að þau fyrirmæli byggi á leiðbeiningum sérfræðihópsins og taki við af þeim.

Óskað er eftir því að sérfræðihópurinn forgangsraði og skipuleggi vinnu sína út frá eftirfarandi:

Að gefnar verði út leiðbeiningar fyrir samræmda grunnskráningu í stuðningsþjónustu eigi síðar en 10. maí 2026.

Að lokið verði við að gefa út fyrstu útgáfu af leiðbeiningum fyrir samræmda grunnskráningu fyrir alla félagsþjónustu sem fellur undir verkefni hópsins eigi síðar en 15. desember 2026.

Í vinnu sinni skal sérfræðihópurinn taka mið af sameiginlegri framtíðarsýn FRN og Sambandsins um stafræna þróun og gagnamál og jafnframt þeirri vinnu sem unnið verður að samhliða á vegum stýrihóps FRN og Sambandsins.

Ábyrgð: FRN

Tímarammi: 2026

Fjármögnun verkefnis: Frá rekstri þeirra aðila sem eiga fulltrúa í sérfræðihópnum.

26-2 Heildstæð stafræn innleiðing í stuðningsþjónustu

Ná fram heildstæðri stafrænni innleiðingu í stuðningsþjónustu og þar með öllum helstu markmiðum framtíðarsýnarinnar fyrir stuðningsþjónustu.

Verkefni 26-2-1 Ferlagreining á stuðningsþjónustu

Ferlagreining á umsókn um stuðningsþjónustu, mati á umsókn og veitingu þjónustunnar.

Ábyrgð: Stýrihópur

Tímarammi: H1 2026

Fjármögnun verkefnis: Frá rekstri þeirra aðila sem taka þátt í greiningu

Verkefni 26-2-2 Upplýsingar um stuðningsþjónustu inn á island.is

Taka saman samræmdar upplýsingar um stuðningsþjónustu og réttindi henni tengd inn á island.is. Miða skal við að island.is sé fyrsta stopp almennings sem leitar að upplýsingum sem tengjast félagsþjónustu og að notandinn sé leiddur áfram að frekari upplýsingum eða umsóknum eftir því sem við á. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi sveitarfélaga, FRN og Stafræns Íslands. Hluti af þessu verkefni er langt komið undir formerkjum Gott að eldast verkefnisins þar sem unnið er að því að koma þessum upplýsingum inn fyrir þjónustu við eldra fólk og í undirbúningi er vinna sem er hluti af aðgerð í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 en hún felur í sér að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar um réttindi og þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þess á einum stað. Sameina þarf þessa vinnu undir einu verkefni og ritstjórn í FRN.

Ábyrgð: FRN

Tímarammi: 2026

Fjármögnun verkefnis: FRN

Verkefni 26-2-3 Innleiðing samræmdrar grunnskráningar

Innleiða samræmda grunnskráningu hjá sveitarfélögum. Í verkefninu felst meðal annars að kynna verkefnið fyrir sveitarfélögum og styðja við það og standa fyrir samvinnu í kaupum, innleiðingu og rekstri skráningarkerfa sem styðja samræmda grunnskráningu í stuðningsþjónustu.

Ábyrgð: Sambandið

Tímarammi: 2026-2027

Fjármögnun verkefnis: Sambandið og sveitarfélögin standa straum að fjármögnun en einnig er stefnt að því að FRN og Jöfnunarsjóður leggi til fjármagn til greiðslu áskriftargjalda fyrir skráningakerfi til loka árs 2028. Framlag FRN og Jöfnunarsjóðs er ætlað að koma til móts við sveitarfélögin vegna kostnaðar sem hlýst af samkomulagi FRN og Sambandsins um samræmda grunnskráningu í félagsþjónustu, til að auðvelda samtarf

sveitarfélaga um skráningakerfi og til að hraða samræmingu gagna í félagsþjónustu. Fjármagnið yrði veitt til þeirra sveitarfélaga sem innleiða skráningakerfi og skila inn samræmdum grunngögnum til FRN. Gengið er út frá því að heildarframlag FRN og Jöfnunarsjóðs geti orðið allt að 200 milljónum á ári ef öll sveitarfélögin hafa innleitt samræmt skráningakerfi og skilað inn grunngögnum til FRN. Gert er ráð fyrir að framlagið verði tiltekin upphæð á hvern þjónustunotanda og það verði reiknað út mánaðarlega.

Verkefni 26-2-4 Ein sameiginleg umsókn um stuðningsþjónustu og samræmt ferli

Koma upp einni sameiginlegri umsókn um stuðningsþjónustu á island.is og innleiða samræmt ferli og mat. Þetta verkefni fellur að hluta undir verkefni sem er í gangi hjá Gott að eldast og Framtíðarhópi.

Ábyrgð: Stýrihópur

Tímarammi: 2026

Fjármögnun verkefnis: Ríkið stendur straum að kostnaði sem fellur til vegna sjálfrar umsóknarinnar og sveitarfélögin standa straum af kostnaði sem fellur til vegna móttöku gagna frá island.is og þróun bakenda hjá sveitarfélögunum.

Verkefni 26-2-5 Tenging island.is við sveitarfélög vegna umsóknar um stuðningsþjónustu

Koma á tengingu island.is við sveitarfélögin vegna sameiginlegrar umsóknar um stuðningsþjónustu í gegnum Veitu eða með öðrum hætti.

Ábyrgð: Sambandið

Tímarammi: 2026

Fjármögnun verkefnis: Sambandið fjármagnar verkefnið og stendur straum af kostnaði sem er umfram framlag FRN til verksins sem þegar hefur verið greitt.

26-3 Heilstætt mat á stuðningsþörf

Verkefni 26-3-1

Skilgreina og innleiða heilstætt mat á stuðningsþörf. Mat á þjónustupörf fyrir fólk sem hefur þörf fyrir félagsþjónustu allt að 15 klst. á viku byggja á stöðluðu, hlutlægu matstæki sem verði samræmt á landsvísu. Mótað verði verklag með leiðbeiningum sem lýsi vegferð frá umsókn um almenna félagsþjónustu að umsókn sveitarfélags um framkvæmd SIS-A mats og þjónustu umfram 15 klst. á viku. Hluti af þessu verkefni verður unninn undir forystu Framtíðarhóps.

Ábyrgð: FRN

Tímarammi: 2026-2027

Fjármögnun verkefnis: FRN

26-4 Nauðsynlegar lagabreytingar, greining og undirbúningur

Verkefni 26-4-1

Gerð verði greining á því með hvaða hætti unnið verði að endurskoðun laga svo að sem fyrst verði tryggt að allir aðilar sem veiti lögbundna félagsþjónustu sinni samræmdri grunnskráningu og þeim sé heimilt og skylt að deila gögnum með opinberum aðilum sem þurfa gögnin til að sinna lögbundnum verkefnum með sem bestum hætti. Einnig þarf að tryggja að FRN hafi heimild til að taka á móti og vinna úr gögnum samræmdrar grunnskráningar í félagsþjónustu. Í aðgerðinni skal einnig vinna að því, eins og hægt er, að lagabreytingin verði lögð fram og samþykkt.

Ábyrgð: FRN

Tímarammi: 2026

Fjármögnun verkefnis: FRN

26-5 WHODAS2 matstæki og gagnagrunnur

Verkefni 26-5-1

Þróa WHODAS2 matstæki og gagnagrunn sem hluta af umsóknarferli um stuðningsþjónustu á landinu öllu. Matstækið er hugbúnaður sem heldur utan um sjálfsmat einstaklinga á færni út frá svörum spurningalista og vistar niðurstöður matsins og gerir þær aðgengilegar þeim sem þurfa og hafa leyfi til. Matstækið WHODAS 2.0 skiptist í eftirfarandi þætti: Skilningur og tjáskipti, að komast um, eigin umsjá, samskipti, dagleg störf og þátttöku í samfélaginu.

Niðurstaðan gefur vísbendingar um þörf fyrir þjónustu og hvaða vandi sé til staðar.

Ábyrgð: FRN og HRN (Gott að eldast)

Tímarammi: 2026

Fjármögnun verkefnis: FRN og HRN

26-6 Miðlægt aðgengi að gögnum fyrir tölfraði

Verkefni 26-6-1

Koma upp miðlægu aðgengi að gögnum fyrir yfirsýn og tölfraði sem nýtist FRN, sveitarfélögunum, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Hagstofu Íslands og öðrum þeim sem hafa leyfi og þörf fyrir gögnin til að sinna verkefnum sínum.

Með þessu miðlæga aðgengi er gert ráð fyrir gagnagrunni og virkni til úrvinnslu, skýrslugerðar, gerð mælaborðs og aðgangsstýringa.

Ábyrgð: FRN

Tímarammi: 2026

Fjármögnun verkefnis: FRN

26-7 Allar nauðsynlegar upplýsingar um lögbundna félagsþjónustu á island.is

Verkefni 26-7-1

Taka saman samræmdar upplýsingar um félagsþjónustu og réttindi henni tengd inn á island.is. Miða skal við að island.is sé fyrsta stopp almennings sem leitar að upplýsingum og að notandinn sé leiddur áfram að frekari upplýsingum eða umsóknum eftir því sem við á. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi sveitarfélaga, FRN og Stafræns Íslands. Aðgerðin er sambærileg við og framhald af vinnu sem er í verkefni 26-2-3 fyrir stuðningsþjónustu.

Ábyrgð: FRN

Tímarammi: 2026-2027

Fjármögnun verkefnis: FRN

Aðgerðir 2027

27-1 Sameiginlegt stjórnborð samþættrar heimaþjónustu

Sett verði upp sameiginlegt stjórnborð samþættrar heimaþjónustu með tengingu við upplýsingar úr heimahjúkrun og heimastuðningi.

27-2 Markviss notkun velferðartækni í félagsþjónustu

Komið verði á samstarfi og vettvangi sem styður markvissa innleiðingu og notkun á velferðartækni í samræmi við aðgerð D1 í aðgerðaráætlun Gott að eldast.

Heildstæð stafræn innleiðing

Auk þess verði aðgerðir fyrir heilstæða stafræna innleiðingu á lögbundinni þjónustu. Byggt verði á þeirri reynslu sem komin verður á slíkt ferli, og með því verði helstu markmiðum framtíðarsýnarinnar fyrir eftirfarandi lögbundnu þjónustu náð:

27-3 Stoðþjónusta

27-4 Félagsleg ráðgjöf

27-7 Fjárhagsaðstoð

27-5 NPA

27-6 Búseta fatlaðs fólks

27-8 Snemmtækur stuðningur, íhlutun og greining

27-9 Stuðningsfjölskyldur

27-10 Frístundaþjónusta

27-11 Skammtímadvöl

27-12 Málstjóri, stuðningsteymi og stuðningsáætlun

Aðgerðir 2028

Á árinu 2028 verði framkvæmdar aðgerðir fyrir heilstæða stafræna innleiðingu, byggt á þeirri reynslu sem komin verður á slíkt ferli, og þar með verði helstu markmiðum framtíðarsýnarinnar fyrir eftirfarandi lögbundnu þjónustu náð:

28-1 Sumardvöl

28-2 Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

28-3 Notendasamningar (38/2018)

28-4 Einstaklingsbundin áætlun og teymi

28-5 Styrkir (38/2018 gr. 25)

28-6 Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta

28-7 Samþætting þjónustu og vinnumarkaðsaðgerðir (38
/2008 gr.23)

28-8 Notendasamningar (40/1991)